



# Leikskólinn Leikholt



## Starfsáætlun 2015-2016

**Leikskólinn Leikholt**  
Brautarholti, 801 Selfoss  
Sími: 486-5586 og 895-2995  
Netfang: [leiskoli@skeidgnup.is](mailto:leiskoli@skeidgnup.is)  
Heimasíða: <http://www.leikholt.leikskolinn.is>



## Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfsemi. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Leikholt skólaárið 2015-2016 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Í byrjun skólaárs var ákveðið að breyta til í húsnæði leikskólans. Tveimur aðalrymum sem innihalda heimastofur aldurshópana var svissað. Rýmið sem hét áður Smáholt og var með leikföng og svæði fyrir yngstu börnin, eins til þriggja ára, var breytt í rými fyrir þriggja til sex ára börn, hólfað betur niður og færð inn leikföng við þeirra hæfi. Þessi heimastofa heitir í dag Vörðufell eftir fjallinu sem sést út um gluggann á samnefndri stofu. Rýmið sem hét áður Stórholt og var með leikföng og svæði fyrir þriggja til sex ára börn er núna heimastofa yngstu barnanna eins til þriggja ára. Þessi heimastofa heitir núna Hekla eins og fjallið sem sést út um gluggann á þeirri stofu. Mikil ánægja er með þessar breytingar af starfsmönnum og börnum og líður þeim vel í þessum heimastofum. Í Vörðufelli eru 14 börn fædd árin 2012, 2011 og 2010. Þeim er skipt í tvo hópa í hópastundum og hafa kennarana Hauk og Sírý. Í Heklu voru í september 2015, 6 börn fædd árin 2014, 2013 og 2012 og hafa þau Helgu deildarstjóra og Öllu. En Helga er deildarstjóri yfir báðum heimastofum. Sigga kemur inn og leysir af kennara í undirbúning, sér um valið, bangsaverkefnið og leikfangasafnið.

## Markmið Leikholt eru:

- Að öllum börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum og að hér ríki gleði, vinsemd og virðing.
- Hver einstaklingur er einstakur og á að fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna.

### **Einkunnarorð okkar eru: gleði, vinsemd og virðing**

Við bjóðum góðan dag alla daga





## Starfsemi leikskólans

Leikskólinn Leikholt starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla (2011) og skólustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Megináherslur Aðalnámskrár leikskóla (2011) eru lýðræði, jafnrétti, velferð og samskipti. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem áhersla er lögð á sérkenni, menningu og starfshætti viðkomandi skóla. Skólanámskrá Leikhólts er afrakstur vinnu starfsfólks 2011-2013.

## Uppeldislegar áherslur

Starf leikskólans tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og *Aðalnámskrá leikskóla (2011)*. Í 2 gr. laganna segir:

*„Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.*

Hlutverk leikskóla er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

Í Leikholti er ekki unnið samkvæmt einni ákveðinni hugmyndafræði eða stefnu, heldur hefur verið mótaður starfsgrundvöllur þar sem kenningar ýmissa uppeldisfrömuða koma við sögu. Má þar helst nefna John Dewey (1859-1952). Dewey var bandarískur heimspekingur sem aðhylltist uppeldisstefnu sem lagði áherslu á örvandi félagslegt umhverfi. Því að barnið lærir af athöfnum sínum og reynslu, „*lærir með því að framkvæma*“ (*learning by doing*) en það er eitt af lykilhugtökum Deweys. Í Leikholti leggjum við áherslu á að umhverfið örvi frumkvæði og virkni barnanna og bjóðum upp á fjölbreyttan efnivið, *opinn* og *lokaðan*. Börnin eiga að njóta uppeldisumhverfis sem styður við leik þeirra og uppgötvanir og þannig stuðlar að auknum alhliða þroska.

Við styðjumst líka við uppeldisstefnu ítalska uppeldisfrömuðsins Loris Malaguzzi. Hugmyndafræði Malaguzzi byggist á að hinn fullorðni hvetji og styðji barnið til að nota öll sín skilningarvit, „*öll málin sín hundrað*“ til þess að grandskoða og uppgötva umhverfi sitt og upplifa það á skapandi hátt. Lagt er upp úr því að vinna ígrundað og jafnvel lengi með sama viðfangsefnið, þemavinnu, skráningu á athöfnum, hugmyndum og þroska barnanna.

## Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er reist á sex grunnþáttum menntunar og er byggð á grundvelli laga um leik-, grunn- og framhaldskóla. Grunnþættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti





- Sköpun

Þessir grunnþættir eru leiðarljós við námskrágerð og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarf. Samkvæmt aðalnámskránni eru námssvið leikskóla áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin, þ.e. *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning* skarast og eru þau samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs eins og í leik, hópastarfi, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

Í fyrra var unnið í stöðvavinnu og flæði þar sem lögð var áhersla á að vinna með grunnþætti menntunar. Þetta skólaár höfum við ákveðið að vinna frekar með þessa þætti í markvissu hópastarfi. Til að fylgjast með að unnið sé með hvern þátt ætla kennarar að skrá niður eftir hvern dag að hverju var unnið að þann daginn og auðveldar það þeim að passa að unnið sé með alla þætti yfir hvern mánuð og veturinn allan.

Valið er enn til staðar einu sinni í viku, þar velja 3 elstu árgangarnir sér svæði á töflu þar sem stendur hvað er í boði hverju sinni. Sigga sér um að skipta út leikföngunum í báðum heimastofunum þegar hún undirbýr valið.

### Þura búálfur og ART

Í Leikholti vinnum við með dygðir í daglegu starfi, t.d. *vinsemd, þolinmæði, kurteisi og tillitsemi*. Áþreifanlegur árangur er þegar börnin nota orð eins og „vinsemd“ og „tillitsemi“ oftar í daglegum samskiptum. Þetta tengist síðan lífsleikni sem er innlögð í daglegu starfi og samverustundum en lífsleikni er hluti af því að lifa í samfélagi við aðra. Vorið 2013 hófum við vinnu með Þura búálf sem er lífsleikniálfurinn okkar og býr á háaloftinu í leikskólanum. Þura skrifar börnunum bréf þar sem hún leitar ráða hjá börnunum þá aðallega fyrir vin sinn hann Glúm sem er tröllastrákur sem kann ekki vel góða siði. Einnig segir hún þeim hvað henni finnst gott og hvað slæmt, Þura getur nefnilega gert sig ósýnilega og sér margt sem gerist í leikskólanum. Allir eru spenntir að vinna áfram með Þura búálf en oft finnst ekki tíminn í það. Ákveðið var að samtvinna vinnuna með Þura búálf og ART, einn hópurnir í hvíld mun fá að kynnst þessari vinnu og síðan verður metið í vetur hvar annars staðar þura búálfur og ART munu koma við í starfinu.

ART stendur fyrir Aggression Replacment Training og miðar að því að draga úr og fyrirbyggja óæskilega hegðun með því að kenna félagsvæna hegðun. ART tekur til hegðunar, hugsunar og tilfinninga og byggir á lögmálum hugrænnar atferlismeðferðar. Unnið er með félagsfærni (Skillstreaming), reiðistjórnun (Anger control training) og umræður um siðferðileg álitamál (Moral Reasoning). Með því að efla lífsleikninám í leikskólanum er verið að vinna að markmiðum skólans og auka samfellu á milli leik- og grunnskóla þar sem Þjórsárskóli hefur fengið vottun sem ART skóli. Við höfum tekið ákvörðun hér í Leikholti að senda alla starfsmenn á námskeið í ART, tveir fara í september, tveir í október og síðustu þrír í febrúar. Eftir það getur leikskólinn sótt um að fá vottun sem ART skóli. Með þessu vinnum við markvissara með félagsfærni, lífsleikni og samvinnu á milli leik- og grunnskóla. Leikskólabörnin verða enn betur í stakk búinn að byrja í grunnskólanum þar sem þar eru aðferðir og vinna sem þau eru kunnug.

### Að skrifa til læsis

Í vetur hefur verið haldið áfram með verkefnið „Að skrifa sig til læsis“ sem er kennsluáðferð norska kennslufræðingsins Arne Trageton, þar sem börn nota tölvu til að læra stafina og skrifa út frá tali og læra um leið að lesa. Aðferðin hefur hefur verið að þróast inn í starfinu hjá okkur undanfarna vetur





og teljum við hana hafa góð áhrif og vekja áhuga hjá börnunum. Við teljum að þessi aðferð sé að festa sig í sessi í starfi skólans og eigi eftir að dafna og þróast enn frekar. Aðferðin „Að skrifa sig sig til læsi“ fellur vel að markmiðum um læsi sem Skólaþjónusta Árneshöfða vinnur að í samstarfi við skóla og sveitastjórnir. Í haust mun Sirrý taka hóp á úr tveimur elstu árgöngunum (2010-11) markvisst til að kenna á aðferðina skrifa til læsis. Borð með tveimur fartölvum eru staðsettar í Vörðufelli. Þegar allir hafa kynnst aðferðinni verða tölvurnar í boði í frjálssa leiknum.

### Numicon

Unnið var með numicon kubbana í leikskólanum síðasta skólavetur. Sú vinna mun halda áfram og nú hafa allir starfsmenn farið á námskeið og vita betur út á hvað þeir ganga. Allir fóru á námskeið í Numicon kubbunum á starfsdegi í ágúst 2015. Numicon kubbar verða í boði í frjálssa leiknum og einnig í skipulagðri hópavinnu með eldri hópunum.

Starfsfólk Leikholt stefnir á að fara á annað námskeið í Numicon kubbum ásamt fleiri námskeiðum og kynningum til Brighton í námsferð næsta sumar (júní 2016).

### Einingakubbar

Einingakubbararnir eru einstakur efniviður sem hægt er að vinna með á margvíslegan hátt í frjálsum leik og skipulögðum. Þeir eru í boði í frjálssa leiknum inn í Vörðufelli en börnin í Heklu fara einnig þangað til að vinna með þá þegar Vörðufellsbörnin eru úti eða að vinna á öðrum svæðum.

### Grænfáni

22. apríl 2015 fékk leikskólinn Leikholt afhentan Grænfánan og mun starfið til að viðhalda honum halda áfram í vetur. Núna í haust hafa börnin til dæmis verið að fræðast um flokkun og endurvinnslu. Þau halda síðan áfram að fræðast um áttahagana og bæta svo við að þemanu Vatnið þar sem þau ætla að leita þekkingar um vatnið, hringrásir og lífríkið tengt því á ýmsan hátt.

### Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform sem ætlað er heyrandi fólki sem tekst á við mál- eða talörðuleika. TMT er ávallt notað samhliða tali og byggir á eðlilegu talmáli þar sem lykilorð hverrar setningar eru tákn. Þar sem markmiðið með TMT er að stefna að tali hjá viðkomandi.

Ástæðan fyrir því að nota TMT í leikskólanum er m.a. sú að mikilvægt er að koma til móts við þarfir allra barna sem þar dvelja. Börn eru ótrúlega fljót að ná færni í notkun á táknum eins og þeim sem notuð eru í TMT. Notkun tákna nýtist öllum börnum. TMT getur verið sannkallað hjálpartæki sérstaklega fyrir þau börn sem ekki hafa náð tökum á talmálinu. Tjáskiptaleiðin örvar jafnframt málskilning og málvitund. Stefnir er að því að kynna og innleiða ný tákni vikulega, börn og starfsfólk hafa hvert sitt tákni og TMT er fléttað inn í söng, lestur og umræður með börnunum.

Við ætlum að vera duglegri í vetur að nota tákni með tali. Ásamt því að nota sjónrænt dagskipulag inn í báðum heimastofum.





### Dagskipulagið í Leikholti

Dagsskipulagið byggist á frjálsum leik, hópastarfi og daglegum venjum og er það á þennan veg:

#### Vörðufell:

7:45 – 9:00 móttaka barna, (morgunmatur kl 8:00-8:30) og frjáls leikur  
9:00 – 9:50 frjáls leikur barna  
9:50-10:20 ávextir og hópastund  
10:20-11:30 hópavinna  
11:30-11:45 salernisferð  
11:45-12:00 samvera/söngstund  
12:00 – 12:30 hádegismatur  
12:30 – 12:50 hvíld  
12:50 – 15:00 útivist/frjáls leikur  
15:00 – 15:30 síðdegishressing  
15:30 – 16:00/16:30 frjáls leikur

#### Hekla:

7:45-9:30 móttaka barna (morgunmatur kl 7:45-8:30) og frjáls leikur  
9:30-10:00 hópastarf og ávaxtatími  
10:00-11:15 útivist  
11:15-11:30 handþvottur og salernisferðir/bleyjuskipti  
11:30-12:00 hádegismatur  
12:00-15:00 hvíld og frjáls leikur/útivist  
15:00-15:30 síðdegishressing  
15:30-16:00/16:30 frjáls leikur

### Starfsfólk Leikhólts skólaárið 2015-16

- Aðalheiður Einarsdóttir, starfsmaður í leikskóla 100% staða.
- Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri 100 % staða.
- Haukur Vatnar Viðarsson, leikskólakennari í 100% stöðu í afleysingu vegna veikindaleyfis en síðan fastráðinn eftir 16. nóvember.
- Helga Guðlaugsdóttir, deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra 100% staða.
- Hulda Hrönn Stefánsdóttir, eldhús og ræstingar 100 % staða.
- Margrét Steinþórsdóttir, leikskólakennari 52 % staða í veikindaleyfi til 16. nóvember og en þá fer hún á eftirlaun. Við þökkum henni kærlega fyrir vel unnin störf.
- Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir, sérkennslustjóri 60 % staða.
- Sigríður Björk Marinósdóttir, leikskólakennari 74 % staða.
- Sigríður Garðarsdóttir, starfsmaður í leikskóla 67 % staða.

Samtals: 7 stöðugildi.






## Barnafjöldi veturinn 2015-16

Í september 2015 verða 20 börn í leikskólanum Líklegast bætist við eitt í október/nóvember og annað í mars/ apríl og verða því orðin 22 talsins en sem komið er, en getur þó alltaf breyst.

Fjöldi nemenda í árgöngum september 2015:



## Skólaárið 2015-2016

### Júlí

- Starfsemi skólans hefst mánudaginn 27. júlí.

### Ágúst

- Fimmtudaginn 20. ágúst er starfsdagur og skólinn lokaður allan daginn.
- Skipulag haustannar í fullum gangi.

### September

- Skipulagt starf hefst.
- Alþjóðadagur læsis þriðjudaginn 8. sept.
- Skaftholtsréttir föstudaginn 11. september, skólinn lokaður.
- Dagur íslenskrar náttúru miðvikudaginn 16. sept. og einnig fyrsti litadagurinn
- Kartöflur teknar upp.
- Kynningafundur foreldra og aðalfundur foreldrafélagsins 23. september
- Rugldagur 24. september







### Október

- Haustþing leikskólakennara föstudaginn 2. okt., skólinn lokaður allan daginn.
- Samstarf Leikhólts og Þjósárskóla hefst, þ.e. heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólann.
- Bleikur dagur föstudaginn 16. október
- Bangsadagur þriðjudaginn 27. október

### Nóvember

- Vinavíka fyrstu vikuna í nóvember (2. – 6. nóvember)
- Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember.
- Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember. Íslensk vísa og/eða þula æfð og flutt við hátíðlega athöfn dagana í kringum 16. nóv.
- Vasaljósadagur miðvikudaginn 25. nóvember

### Desember

- Hlé gert á samstarfi Leikhólts og Þjósárskóla.
- Jólaveinahúfudagur 11. desember
- Piparkökubakstur. Þriðjudaginn 15. desember og mála á piparkökur 16. desember
- Litlu Jólin föstudaginn 18. desember.
- Mat á haustönninni fer fram og vorönn skipulögð.

### Janúar 2014

- Prettándinn miðvikudaginn 6. janúar.
- Dótadagur fimmtudaginn 7. janúar
- Starfsdagur 12. janúar, skólinn lokaður allan daginn.
- Bóndadagur, 23. janúar. Þorri hefst, þorramatur í leikskólanum. Eitthvað gert tileinkað feðrum.
- Litadagur 28. janúar

### Febrúar .

- Heimsóknir elstu barna Leikhólts í Þjósárskóla hefjast að nýju.
- Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur föstudaginn 5. febrúar og þá er einnig opið hús
- Bolludagur 8. febrúar. Bolla, bolla
- Sprengidagur 9. febrúar. Saltkjöt og baunir.
- Öskudagur 10. febrúar. Öskudagsskemmtun.
- Konudagur 22. feb. Eitthvað gert tileinkað mæðrum.
- Litadagur 25. febrúar

### Mars

- Fimmtudaginn 17. mars Hattadagur
- Mánudaginn 21. mars starfsdagur leikskólinn lokaður allan daginn.
- Páskafri 24. – 28. mars.

### Apríl

- Litadagur 7. Apríl
- Árshátíð Leikhólts miðvikudaginn 20. apríl.







- Sunnlenski skóladagurinn 27. apríl – leikskólinn lokaður allan daginn
- Heimsóknunum elstu barna Leikhólts í Þjórsárskóla lýkur.

### Maí

- Þjórsárskóli býður elstu börnum Leikhólts að fara einn dag að heiman með skólabíl, vera heilan skóladag og fara síðan heim með skólabílunum aftur.
- Lambaferðir.
- Kartöflur settar niður.
- Litadagur 19. maí
- Vorhátíð Leikhólts og foreldrafélagsins Leiksteins fimmtudaginn 26. maí
- Útskrift elstu barna.

### Júní

- Sérstakt sumarstarf er skipulagt og áhersla lögð á útvist og hreyfingu.
- Námsferð starfsfólks leikskólans – leikskólinn lokaður miðvikudaginn 15. júní, fimmtudaginn 16. júní og mánudaginn 20. júní.
- Síðasti skóladagur fyrir sumarfrí er fimmtudagurinn 30. Júní, skólinn opnar aftur 8. ágúst

## Foreldrasamstarf

### Aðlögun

Aðlögun er sá tími sem barnið kynnist starfsfólki, hinum börnunum og húsakynnum leikskólans. Aðlögun er ekki einungis aðlögun barnsins, heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólks til þess að kynnast og virða fyrir sér uppeldisaðferðir í sameiningu, heima og í leikskólanum.

Við leikskólann er notuð *þátttöku aðlögun* en meginmarkmið hennar er að gefa foreldrum tækifæri til að kynnast starfsfólki og starfsemi leikskólans. Aðlögunin tekur um þrjú daga, þar sem foreldrar eru með barninu í sex klukkustundir á dag. Gert er ráð fyrir fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem aðlögunin á sér stað. Talið er að öruggir foreldrar smíti eigin öryggiskennend yfir til barna sinna, öryggir foreldrar = örugg börn. Aðferðin byggist líka á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

### Foreldrasamvinna

Við leggjum áherslu á góð samskipti og viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann. Það er mikilvægt að góð samvinna takist milli foreldra barnsins og starfsfólks.

Til að barninu líði sem best í leikskólanum er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk, þ.e. viðfangsefni og atvik dagsins. Oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Þá geta upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsfólki að vinna úr þeim málum.

Á heimasíðu skólans eru reglulega settar inn upplýsingar t.d. fréttir úr starfinu, myndir, mánaðardagatöl og fleiri upplýsingar. Í forstofunni er upplýsingatafla þar sem starfsfólk skráir fréttir dagsins á þar til gert blað, þannig er hægt að fylgjast vel með hvað börnin hafa haft fyrir stafni í vikunni.





### Foreldraviðtöl og kynningarfundur

Skipulögð foreldraviðtöl eru við alla foreldra einu sinni á ári og er skipt þannig að foreldrar þeirra barna sem fædd eru á fyrri hluta árs koma í viðtal í nóvember. Foreldrar þeirra barna sem eru fædd seinni hluta árs koma í viðtal í febrúar. Tilgangur viðtalanna er að skiptast á upplýsingum um barnið og efla samstarf milli leikskóla og heimilis. Foreldrar og kennarar geta einnig óskað eftir viðtölum eftir þörfum.

Að hausti er kynningarfundur fyrir foreldra þar sem vetrarstarfið er kynnt.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag skólans heitir Leiksteinn og sinnir hlutverki foreldrafélags og foreldraráðs.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðilum: formanni, gjaldkera og ritara. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og einn hitt árið. Einnig skal kjósa þrjá varamenn með sama fyrirkomulagi, tveir eitt árið og einn hitt og þá til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á haustin ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara.

Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að og efla samskipti heimila og skóla. Gott samstarf er á milli skóla og foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið hefur ávallt verið tilbúið að koma að ýmsum viðburðum innan skólans og tekur virkan þátt í því starfi. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra.

Foreldrafélagið stendur í samstarfi við Leikholt og foreldrafélag Þjórsárskóla fyrir fyrirlestur og kynningarefni sem nýtist foreldrum, börnum og starfsfólki

Foreldrafélagið fer einnig með hlutverk foreldraráðs. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Netfang Leiksteins er: [leiksteinn@gmail.com](mailto:leiksteinn@gmail.com)

**Foreldraráð Leikholts** sem jafnframt er stjórn foreldrafélagsins Leiksteins skipa:

- Sigríður Björk Marinósdóttir
- Irma Elísa Días Cruz
- Elin Margareta B Moqvist.

En á aðalfundinum 23. september 2015 verður kosin ný stjórn.





### Skólanefnd:

#### Aðalmenn:

Meike Erika Witt, formaður  
Ingvar Hjálmarsson, varaformaður  
Anna Þórný Sigfúsdóttir  
Bjarni Másson  
Ásmundur Lárusson

#### Varamenn:

Georg Kjartansson  
Irma Diaz Curz  
Ingvar Þrándarson  
Dagur Kristofferson  
Anna María Flygenring

### Fulltrúar sem sitja skólanefndarfundum vegna leikskóla:

Helga Guðlaugsdóttir, fulltrúi starfsfólks Leikhólts.  
Sigríður Björk Marinósdóttir, fulltrúi foreldra.  
Elín Anna Lárusdóttir leikskólalastjóri Leikhólts.

### Mat á skólastarfi

Mikilvæg skylda er að meta skólastarf og er markmið með *Innra mati á leikskólastarfi* að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Sérstaða og gildi hvers skóla eru leiðandi fyrir hvernig metið er. Leikskólinn Leikholt notar sjálfsmatskerfið Leikskólupúlssinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Skólupúlssinn er með tvær gerðir samræmdra kannana fyrir starfsfólk og foreldra í leikskólum.

### Starfsmannakönnun

liður í innra mati er að spyrja starfsmenn í leikskólanum um: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn á deildum spurðir nokkurra spurninga sem snúa beint að samskiptum við börnin og foreldra þeirra. Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Könnunin fer fram í febrúar og skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun mars.

**Foreldrakönnunin** inniheldur 16 matspætti þar sem hver matspáttur inniheldur nokkrar spurningar. Matspættirnir eru: Vinnubrögð í leikskólanum, samstarf við starfsfólk deildar, samskipti og upplýsingamiðlun, aðstaða til leiks og náms, upphaf dvalar og flutningur á milli deilda, tækifæri til náms, málörvun, starf í takt við aðalnámskrá, félagsfærni barna, vellíðan barna, útivist og umhverfisvitund, mataræði og matarmenning, tengsl leik- og grunnskóla, samskipti barna utan leikskólans, sérkennsla og stuðningur og sérfræðiþjónusta.

Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Hægt er að taka könnunina á íslensku, ensku og pólsku. Um 20 mínútur tekur að svara könnuninni ef einungis annað foreldrið er skráð með tölvupóstfang hjá skólanum en um 10 mínútur ef báðir foreldrar eru skráðir með tölvupóstfang.





Könnunin er framkvæmd í mars ár hvert. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum deildum leikskólans. Búnir eru til þátttökukóðar úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í febrúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð.

Stefnt er að nota skólapúlsinn aftur árið 2016 til að meta nýjar aðstæður, breytingar innanhúss og nýr leikskólastjóri.

#### Aðrar matsaðferðir sem eru notaðar eru í Leikholti:

- Ecers matskvarðinn er notaður til að meta húsnæði og aðbúnað leikskólans.
- Í námsmati barna eru notað; TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna, Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum, MOT hreyfiþroskapróf, íslenski smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn, ásamt fleiri þroskalistum sem aðgangur er að í gegnum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Í lok hvorrar annar er lagt mat á skipulegt starf og niðurstöður nýttar til úrbóta.
- Starfsmannafundirfundir einu sinni í mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 16:00-18:00.
- Nýr leikskólastjóri tók alla starfsmenn í viðtöl þegar hún byrjaði í júní og stefnir því á að taka starfsmannaviðtöl í byrjun janúar 2016.
- Starfsmenn meta starfið á starfsmannafundi í des/jan og svo aftur í maí/júní, hvernig svona daglegt starf gengur fyrir sig og hvort einhverju þarf að breyta.
- Börnin eru spurð spurninga að vori, hvað þeim þykir skemmtilegt, leiðinlegt og hvort mætti eitthvað vera öðruvísi eða hvort eitthvað vanti. Það er mat barnanna á starfinu.

#### Samstarf leik- og grunnskóla

- Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt hefur upp á að bjóða. Félagsleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.
- Samstarf kennara skólanna gerir það að verkum að viðtökukennarinn þekkir styrkleika og veikleika barnanna og getur því komið betur til móts við þarfir þeirra í upphafi grunnskólagöngunnar. Það er því óhætt að segja að elstu leikskólabörnin séu betur í stakk búin til að hefja grunnskólagönguna af fullum krafti með þessum kynningum.
- Samstarfið er framkvæmt með eftirfarandi leiðum:
  - Elstu börn leikskólans heimsækja Þjórsárskóla, einu sinni í viku í október og nóvember og svo aftur í febrúar til apríl. Að lokum einn heilan dag í maí, þar sem þau fara að heiman með skólabíl og aftur með honum heim að loknum skóladegi.
  - Börnin í 1. bekk Þjórsárskóla koma í heimsókn í Leikholt einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.
- Búið er að hafa einn samráðsfund milli leik- og grunnskóla og setja niður sameiginleg þemu og verkefni. Haukur Vatnar mun vera með skólahópinum í vetur og Hildur Lilja og Kristín sjá um samstarfið í grunnskólanum. Stefnt er að því að leyfa öllum starfsmönnum að fara í a.m.k eina heimsókn með börnunum í grunnskólanum til að allir starfsmenn kynnist næsta skólastigi og aðferðum þar. Grunnskólakennararnir stefna svo á að koma í heimsókn í





leikskólann og fá að fylgjast með þar líka og kynnast okkar aðferðum. Búið er að setja niður samráðsfund í janúar þar sem samstarfið verður metið og vorönnin skipulögð.

### Stoðþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna: Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Markmið skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árnesþingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Leikholt hefur aðgang að kennsluráðgjöf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks leik- og grunnskóla, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólana stöðugt í starfi. Verkefni kennsluráðgjafa felast meðal annars í því að stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla á svæðinu og samstarfi einstakra hópa í skólunum t.d. kennara sömu námsgreina. Þeir hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að sameiginlegum markmiðum skólanna og skólaþjónustu.
- Kennsluráðgjafar veita stuðning við skimanir á deildum og í bekkjum eða skima líðan, náms- og þroskastöðu, námsframvindu, félagsfærni og hegðun. Þeir veita ráðgjöf og handleiðslu um verklag við snemmtæka íhlutun, þ.e. að bregðast fljótt við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda hjá börnum og stuðla að kennslu og stuðningi við hæfi í samvinnu við sálfræðing.
- Kennsluráðgjafar taka þátt í þverfaglegri aðkomu skóla- og velferðarþjónustu að málefnum einstaklinga, s.s. í teymum um málefni einstaklinga og skilafundum utanaðkomandi stofnana. Þá aðstoða þeir við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um og koma að úrlausn bráðamála, eftir aðstæðum og í samvinnu við þá sem málið varðar.
- Kennsluráðgjafar liðsinna skólum við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla og standa fyrir símenntun fyrir allar starfsstéttir skólanna. Einnig er samvinna og ráðgjöf til sveitarstjórna stór hluti starfsins.

Leikholt hefur aðgang að sálfræðingi hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- Sálfræðilegur gerir athuganir á leik- og grunnskólabörnum, ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra m.a. vegna hegðunar- og tilfinningavanda, sem og þverfaglegt samstarf um málefni barna í skólaþjónustunni.





Leikholt hefur einnig aðgang að talmeinafræðingi hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

### Markmið skóla- og velferðarþjónustu í Árnesþingi 2014-2017

Markmið voru sett saman eftir afrakstur hugaflugsfundar sem haldin var í Þingborg, Flóahrepp 12. febrúar 2014. Þar sem skólastjórnendur, sveitarstjórnarnemendur og starfsmenn skólaþjónustu Árnesþings unnu að því að móta sameiginlega skýr sameiginleg markmið í skólamáli fram til ársins 2017. Í framhaldinu var skipaður vinnuhópur sem vann nánar að gerð markmiða.

Unnið verður að markmiðum frá hausti 2014 til loka ársins 2017. Verkefnið verður reglulega metið og farið yfir framvindu þess. Skólastjórnendur, skólaþjónusta og sveitafélög hafa skuldbundið sig til þess að leggja áherslu á markmiðin í skólaskrifum næstu árin. Markmiðin ættu að verða skólasamfélaginu í Árnesþingi sameiningarafl og stuðla að sameiginlegu, markvissu og stefnuöstu þróunarstarfi allra skóla.

- Jákvæð sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði. Árið 2017 hefur eftirfarandi markmið verið náð: Sjálfsmynd nemenda og félagsþroski hefur styrkts með markvissum aðgerðum og forvarnarstarfi.
- Samfella á milli skólastiga. Árið 2017 hefur eftirfarandi markmiði verið náð: Samfella er í námi nemenda frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla.
- Lestur. Árið 2017 hefur eftirfarandi markmiði verið náð: Formlegt lestrarnám hefst í leikskóla og byggt er ofan á það í grunnskóla. Á tímabilinu hafi meðaltal skólanna í lesskilningi á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk hækkað að minnsta kosti 5% og meðaltal á HLJÓM-2 hækkað að minnsta kosti 5%.
- Einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækni. Árið 2017 hefur eftirfarandi markmiði verið náð: Stigin hafa verið markviss skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda í öllum skólum og upplýsingatækni samþætt öllu námi.

Hvert markmið hefur verið skilgreint ásamt leiðum að markmiði og ábyrgð þeirra sem að skólaskrifum koma: skólaþjónusta, skólastjórnendum, foreldrum og sveitarfélögum.

Þar kemur líka fram hvernig á að meta árangur. Skólaskrifin í Leikholti á að taka mið af þessum markmiðum. Starfsmannahópurinn þarf að fá tíma fyrir umræðu um hvar við stöndum gagnvart markmiðum, hvað gerum við vel, hvað má bæta og hver eru næstu skref. Þessi vinna kallar á að við metum hvar við þurfum að bæta við þekkingu okkar, gæta að námsumhverfi og hvað námsgögn styðja við að markmið náist. Góð samvinna við foreldra/forráðamenn og alla sem að skólaskrifum koma er lykilatriði til árangurs.

### Sérkennsla í leikskólanum

Í lögum um leikskóla nr. 78/1994, 15. gr. segir: *“Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.”*

Markmiðið með sérkennslu í Leikholti er:

- Að tryggja að börn með frávik í þroska, með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika, fái notið leikskóladvalar sinnar.





- Að auka færni barna miðað við þroskastig þeirra og stuðla að því að hvert og eitt þeirra geti þroskast sem best á eigin forsendum.

Í Leikholti er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávík vaknar eða þörf talin vera á viðbótar kennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en síðan eru önnur sem þurfa úrræði til lengri tíma.

Sérkennslustjóri skipuleggur sérkennsluna. Hann gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunarinnar/sérkennslunnar. Mikilvægt er að allir starfsmenn séu meðvitaðir og vel upplýstir um þarfir barnanna sem njóta íhlutunar/sérkennslu af einhverju tagi. Sérkennslustjóri miðlar upplýsingum til starfsmanna og felur þeim jafnvel ákveðin verkefni sem tengjast sérkennslunni. Hann er einnig í samskiptum við foreldra og við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og aðra sérfræðinga sem koma að málum barnanna.

Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í barnhópnum, einstaklingslega eða í fámennum leikhópum. Lögð er mikil áhersla á efla málþroska barna í starfinu öllu með aðstoð sérkennslustjóra.

## Öryggis og slysavarnarmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Leikholt á í góðu samstarfi við Brunavarnir Árnessýslu um öryggismál er varðar eldsvoða. Einnig er leikskólinn í samstarfsverkefni slökkviliðanna og leikskólanna þar sem slökkviálfarnir Logi og Glóð leika aðalhlutverkið. Börnin taka virkan þátt í eftirlitshlutverkinu með því að skoða reglulega flóttaleiðir, fylgjast með hvort neyðarljós logi, ganga um húsið til að vita hvar slökkvitæki og reykskynjarar séu staðsettir o.fl. Slökkviliðsmenn koma síðan í heimsókn að vori til að kynna slökkviliðsbílinn fyrir börnunum. EBÍ lætur slökkviliðunum fræðsluefnið í té án endurgjalds.

Sérstakur þjónustusamningur er við Árvirkjann um eftirlit á brunakerfi leikskólans.

Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

- Reglubundna yfirlitsskoðun á að framkvæma daglega. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.
- Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, að gert sé við tæki og framkvæmt nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.
- Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallartækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstöðum undir leikvallartækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og veðrunar á leikvallartæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallartækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum.







Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti er öryggistrúnaðarmaður kosinn úr hópi starfsfólks. Hlutverk hans er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er svokallað áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans. Öryggistrúnaðarmaður er Sigríður Björk Marinósdóttir.

### **Umbótaáætlun**

Í Ársskýrslu 2014-15 kemur fram umbótaáætlun sem farið verður yfir á skólaárinu 2015-16. Hér er umbótaáætlunin:

- Samskiptasáttmáli, vinna með samskipti, fá fræðslu inn á starfsdegi og uppfæra Samskiptareglur leikskólans. Taka eftir hrósa og styðja.
- Fara yfir Eineltisáætlun Leikholt og fara saman yfir skilgreiningu á hvað er áreiti og einelti og fara yfir viðbragðsáætlun. Öryggisvörður uppfærði hana á skólaárinu.
- Uppfæra Skólanámskrá (Virkar samræður um starfið) Það er komin tími á að uppfæra Skólanámskrá leikskólans. Við þá vinnu fer fram virk samræða um starfið, fræði, Aðalnámskrá leikskóla og lög og reglur. Gott að fara yfir þau þróunarverkefni sem leikskólinn vinnur að.
- Símenntunaráætlun fyrir Leikholt 2015-2016, gera hana í samráði við starfsfólk.
- Fara yfir á starfsmannafundum hvort unnið er að öllum námssviðum og nota allan efnivið og staði sem við höfum í boði (efniviður: ljós og skuggar, leir, einingakubbar, Staðir: bókasafn o.fl.).





### Framtíðarsýn - Lokaorð

Í leikskólanum Leikholti er mikill og góður andi yfir starfsfólki, börnum og foreldrum. Hér vinnur áhugasamt fólk af mikilli alúð, umhyggju og faglegri hugsjón. Í vetur eins fram hefur komið eru mörg verkefni framundan til að mynda að skrifa til læsis, Grænfáninn og umhverfisvitund, numicon kubbur, einingakubbar, TMT og ART ásamt vinnu að grunnþáttum menntunar.

Allir hér í leikskólanum eru jákvæðir, metnaðarfullir og tilbúnir að takast á við hvað sem er. Í vetur á eftir að vera eins og aðra vetur mjög faglegt og skemmtilegt starf hér í leikskólanum Leikholti. Við hjálpumst öll við að vinna saman að okkar markmiðum, sem eru að öllum börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum og að hér ríki gleði, vinsemd og virðing (einkunnarorð okkar). Við viljum að hver einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum því hver einstaklingur er einstakur. Einnig viljum við stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna.

Framtíðin hér í leikskólanum Leikholti er björt, hér starfa fimm faglegir, áhugasamir og metnaðarfullir leikskólakennarar og tveir faglegir, áhugasamir og metnaðarfullir leiðbeinendur. Við störfum öll saman að okkar markmiðum og höldum hópinn vel.

Leikholt, 18. september 2015

---

Elín Anna Lárusdóttir, leikskólastjóri

